

Garðabær, 12. október 2017.

Hreppsnefnd Árneshrepps,
Skipulagsfulltrúi,
Bogi Kristinsson Magnusen,
Miðbraut 11,
370 Búðardal

Efni: Athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025.

Ágæta hreppsnefnd Árneshrepps.

Undirritaður gerir alvaralegar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025, auglýst dags. 31. ágúst 2017, en breytingin snýr í megindráttum að færslu á iðnaðarsvæði vegna Hvalárvirkjunar, vegagerð og þremur efnistökusvæðum, við Hvalárósa, í Hvalá og við Hvalárvatn.

Ljóst er að ofantaldar framkvæmdir, ef samþykktar verða, munu hafa varanleg og stórskaðleg áhrif á svæði sem nú er ósnortið af manna völdum og sem slíkt ómetanlegt frá náttúruverndunar sjónarmiðum, þar sem slík svæði eru orðin næsta fágæt, ekki aðeins hér á landi heldur á heimsvísu.

Hvalárvirkjun mun skerða fjölda fossa og valda verulegum neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á svæði sem er eitt víðfeðmasta óspillta víðerni sem eftir er á landinu. Með virkjuninni verður til stórt manngert svæði með gerbreyttri ásynd þar sem nú eru ósnert víðerni. Sem dæmi má nefna að efnistaka vegna framkvæmdarinnar verður um 1.800.000 rúmmetrar, sem verða grafnir upp og færðir til í landi og landslagi sem er einstakt.

Svo vitnað sé til umsagnar Skiplagsstofnunar en þar segir: *Um er að ræða virkjunarframkvæmdir á að mestu leyti óbyggðu og ósnortnu svæði í Ingólfsfirði, Ófeigsfirði og á Ófeigsfjarðarheiði sem samanstanda af mörgum framkvæmdaþáttum, svo sem fimm stíflum, fjórum lónum, skurðum, göngum, stöðvarhúsi, veglagningu, efnistöku og haugsetningu. Áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda er töluvert umfangsmikið og nær til eyðibýggða og hluta af víðáttumiklu óbyggðu víðerni sem nær frá Steingrímsfjarðarheiði í suðri norður að Hornbjargi. Jafnframt liggur fyrir að framkvæmdin hefur áhrif á vistkerfi, jarðminjar og landslag sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. . . .* Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á óbyggð víðerni kunni að vera vanmetin og líkur séu á að framkvæmdin hafi meiri áhrif til skerðingar á óbyggðum víðernum en niðurstöður matsskýrslu gefa til kynna eins og reyndar kemur fram í skýrslunni. Skipulagsstofnun telur í ljósi þess sem rakið er hér að framan að áhrif á ásynd, landslag og víðerni verði verulega neikvæð þrátt fyrir mótvægisáðgerðir þær sem framkvæmdaraðili fyrirhugar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við skýrslu Vesturverks um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar kemur fram að Hvalárvirkjun muni hafa mikil og varanleg áhrif á vatnafar í vötnum á Ófeigsfjarðarheiði og í þremur ám, Eyvindarfjarðará, Hvalá og

Rjúkanda. Áhrifin muni, auk þess sem að rennsli í ám minnkar verulega og lón verða mynduð, verða mikil á landslag þ.m.t. á fossa.

Í athugasemdum Landverndar kemur fram að samtökin telja að Hvalárvirkjun muni gerbylta vatnafari á þessu svæði með því að stemma þrjár ósnortnar ár, ræna flesta fossa svæðisins mikilfengleik sínum og eyðileggja sjö stöðuvötn með því að láta þau hverfa undir lón. Landvernd telur einsýnt að áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar svæðisins í heild verði verulega neikvæð.

Í niðurstöðu Umhverfisstofnunar við matsskýrslu Vesturverks segir: *Fyrirhuguð virkjun felur í sér mikið inngrip í vatnafar á áhrifasvæði virkjunarinnar. Þannig verður vatni veitt af stórum hluta vatnasviða Hvalár og Eyvindarfjarðarár, sjö stöðuvötn sem njóta sérstakrar verndar munu fara undir lón og rennsli í þremur óröskuðum ám mun minnka mikið og m.a. hafa áhrif á fossa í þeim öllum. Rennsli í fossinum Drynjanda í Hvalárgljúfrum verður nær ekkert á löngum tímabilum og Hvalárgljúfur verða á sama tíma nær vatnslaus. Þá mun rennsli bæði um Rjúkandafoss og fossa- og flúðaröð í Eyvindarfjarðará verða mun minna en við náttúrulegar aðstæður. Þessar breytingar munu hafa áhrif á yfirbragð og ásjón á fossanna og á þau víðáttumiklu svæði á Ófeigsfjarðarheiði þar sem lón koma í stað náttúrulegra stöðuvatna. . . Áhrifin verða að mestu leyti varanleg og óafturkræf vegna mannvirkjagerðar, skurðgraftrar og efnistöku og á það einnig við um lónstæðin þar sem gert er ráð fyrir að taka efni úr þeim.*

Rétt er og að minna á að þegar Hvalárvirkjun var afgreidd í Nýtingarflokk í Rammaáætlun 2, var hún skráð 35 MW, en virkjunin er samkvæmt núverandi virkjunar áformum skráð sem 55 MW virkjun, þ.e. virkjunin hefur stækkað um 57%. Þetta gerbreytir þeim forsendum sem gefnar eru í Rammaáætlun 2, þar sem núverandi áætlanir um 55 MW virkjun eru einfaldlega allt aðrar en þá var lagt upp með.

Þetta skiptir máli vegna þess að líklegt er að við gerð Rammaáætlunar 4 muni Hvalárvirkjun að öllum líkindum lenda í Biðflokki meðan verið er að vinna þær nýju rannsóknir sem til þarf vegna stækkunar á virkjuninni. Alls ekki er útséð með hvar virkjunin svo endar, en með tilliti til fyrri niðurstaðna Rammaáætlunar má líklegt teljast að Hvalárvirkjun lendi í Verndarflokki vegna gríðarlegs mikilvægis sem ósnortin víðerni eru nú orðin eftir byggingu Kárahnjúkavirkjunar, þar sem stærsta ósnortna víðerni í allri norðan- og vestanverðri Evrópu var eyðilaggt.

Ekki liggur heldur fyrir með hvaða hætti rafmagn frá virkjuninni verður nýtt, hvar það verður nýtt, né hvernig því verður komið í dreifingu.

Því er það fljótaskrift að breyta aðalskipulagi Árneshrepps á þessum tímapunkti þar sem líklegt er að virkjunaraðilar fari strax í undirbúningsvinnu og raski og eyðileggi stór og ómetanleg svæði vegna virkjunar sem ekki er víst að verði reist.

Í lokin vil ég beina athygli hreppsnefndarmanna að því að ákvörðun þeirra um endanlega samþykkt aðalskipulagsins, sem verður tekin af fimm manns, hugsanlega með minnsta mögulega meirihluta þ.e. þrír gegn tveimur, gerir framtíðarkynslóðum Strandamanna, Vestfirðinga og landsmanna allra, ókleift að njóta þeirra fádæma fallegu og óspilltu víðerna sem þessi hluti landsins býr yfir. Það að slík ákvörðun geti oltíð á einni manneskju, til eða frá, er einfaldlega ekki boðlegt. Hvorki siðferðilega né lýðræðislega.

Ég vill því eindregið hvetja hreppsnefndarmenn til að fresta öllum frekari breytingum á skipulagi Árneshrepps þar til Hvalárvirkjun hefur fengið endanlega úttekt í Rammaáætlun 4,

þar sem réttar forsendur fyrir núverandi stærð virkjunarinnar verða metnar. Auk þess vil ég ítreka þá siðferðilegu skyldu hreppsnefndarmanna Árneshrepps að koma landinu í hendur komandi kynslóða ósködduðu og ósnortnu, því það er ábyrgð allra að komandi kynslóðir Íslendinga fái ekki síður að sjá og upplifa þennan fallega landshluta sem Strandir og Hornstrandir eru.

Með vinsemd og virðingu,
Þór Saari
hagfræðingur og fyrrv. alþingismaður
Breiðabólstöðum
225 Garðabæ
Netfang: saari@centrum.is